



Hlíf og Maggi á góðri stund í Jökulheimum í lok vorferðarinnar 2005.
Ljósmynd/Photo. Magnús Tumi Guðmundsson.

Magnús Hallgrímsson, 1932 – 2020

Minning

Það fólk sem fær króníska jöklabakteríu notar þau tækifæri sem gefast til að ferðast og kanna landið. Hálandið er kjörlandi, ofar byggðum þar sem kyrrðin er mest en veðrin geta líka verið æði hörð þegar þannig skipast. Að ferðast um hálandið og jökla á skíðum eða tveimur jafnfljótum sumar sem vetur kallar á glöggskyggni, útsjónasemi og þolgæði. En kannski fyrst og fremst fjör og þrótt. Allt þetta hafði Magnús Hallgrímsson til að bera. Hann byrjaði ungur að fara á fjöll og jökla. Tók þátt í löngum leiðöngrum fyrir tvítugt og öðlaðist á unga aldri víðtæka reynslu á fjöllum.

Maggi Hall var sonur Laufeyjar Jónsdóttur og Hallgríms Einarssonar og ólst upp á Akureyri þar sem faðir hans rak ljósmyndastofu. Hallgrímur lést þegar Maggi var 16 ára en móðir hans hafði misst heiluna nokkru fyrr og dvaldi á spítala í Reykjavík þaðan sem hún átti ekki afturkvæmt. Maggi og systkini hans björguðu sér sjálf að mestu og þurfti Maggi, sem elst-

ur barna þeirra Laufeyjar og Hallgríms að taka ábyrgð á heimilinu. Þá ábyrgð axlaði hann. Bræðurnir Maggi og Ólafur tóku báðir stúdentspróf frá MA. Maggi varð verkfræðingur og Ólafur læknir. Þeir urðu að vinna sjálfir fyrir námi sínu.

Að loknu stúdentsprófi lá leiðin til Reykjavíkur þar sem Maggi tók fyrrihlutapróf við Háskóla Íslands og fór síðan til Kaupmannahafnar þar sem hann lauk prófi í verkfræði. Við tóku margvísleg verkfræðistörf, ekki síst verkefni sem kröfðust útvinnu, enda naut Maggi sín best við mælingar og ýmislegt ferðaslark. Hann vann um tíma hjá Vita- og Hafnamálastjóra, var einn af stofnendum verktakafyrirtækisins Hönnunar og síðar Virkis. Hluti verkfræðistarfanna var erlendis, m.a. í Kenía og Suður-Ameríku. Hér heima átti vel við hann stýra átaksverkefnum af ýmsu tagi, m.a. að mæla fyrir háspennulínunum. Um 1980 hófst annar kafli í starfi Magga, þegar hann fór að vinna við frið-

argæslu og hjálparstörf, ekki síst að setja upp og reka flóttamannabúðir á átaka- og hamfarasvæðum. Þessi störf voru unnin á vegum Rauða krossins og Sameinuðu Þjóðanna og sinnti hann þeim þar til hann fór á eftirlaun, sjötugur að aldri.

Maggi var einn af stofnendum Flugbjörgunarveitarinnar á Akureyri 1951. Eftir að hann flutti suður tók hann alla tíð þátt í starfi Flugbjörgunarveitarinnar í Reykjavík þar sem hann var lengi í stjórn. Á sviði björgunarmála var hann mikilvægur brautryðjandi, m.a. varðandi snjóflóðamál. Einnig var Maggi brautryðjandi í vetrarferðum á skíðum um hálendið og jöklana. Hann starfaði í Landvernd enda voru umhverfismál honum hugleikin. Einnig var hann skáti lengstan hluta ævinnar. Margvíslegar viðurkenningar féllu honum í skaut fyrir störf sín á ýmsum vettvangi; hér skal aðeins nefnt að 2010 var hann kjörin heiðursfélagi JÖRFÍ.

Maggi glímdi við heilsubrest, fékk hjartaáfall 53 ára en náði aftur heilsu og átti þá eftir þrjá áratugi á fjöllum. Það þurfti meira en tvær hjartaaðgerðir til að stoppa hann. Maggi var hlýr og kátur. Skálaði gjarnan með orðunum „yðar full“. Í hans glasi var þó aldrei sterkari drykkur en te. Maggi var kvæntur Hlíf Ólafsdóttur en hún lést 2012. Synir þeirra eru Hörður og Hallgrímur, þekktir ferðakappar. Maggi og Hlíf

kunnu að lifa lífinu og gleðjast. Njóta stundarinnar og hafa ekki óþarfa áhyggjur af hlutunum.

Leiðir Magga Hall og Jökklarannsóknafélagsins lágu saman í tæplega sextíu ár. Fyrstu vorferðina fór hann 1963. Hann nýtti þekkingu sína í landmælingum til jökklarannsókna, m.a. gerði hann nákvæmar sniðmælingar á Vatnajökli og mældi sig íshellunnar í Grímsvötnum í lok Skeiðarárhlaupanna 1972 og 1976.

Þegar flestir draga sig í hlé eftir langt ævistarf gerðist Maggi varaformaður JÖRFÍ og gengdi því starfi í mörg ár, nýjungagjarn, frjór í hugsun og jákvæður. Þó að næstum þrjú áratugir hafi skilið okkur í aldri bundumst við sterkum vináttuböndum. Með stóru vorferðinni sem farin var á Vatnajökul og í Grímsvötn í júní 1997 tók félagið forystu um að sinna af myndugleika rannsóknum eftir Gjalpargosið og Grímsvatnahlaupið mikla haustið áður. Það var mér ómetanlegur styrkur, ungum fararstjóra í stórum leiðangri, að þessi Nestor íslenskra jöklagarpa skyldi vera með í för. Næstu allmörg ár var Maggi lykilmaður í vorferðum í Grímsvötn. Síðasta vorferðin hans var 2013. Þá var hann áttæður og enn á skíðunum. Heilsan var ekki alltaf sem best síðustu árin en það haggði ekki staðfestu hans og æðruleysi. Því æðruleysi hélt hann til síðustu stundar.

Magnús Tumi Guðmundsson